

Nd.

93. Frumvarp til laga

[62. mál]

um breyting á lögum nr. 74 21. ágúst 1974 um meðferð opinberra mála, sbr. lög nr. 23 6. maí 1976.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979—80.)

1. gr.

112. gr., sbr. lög nr. 23 6. maí 1976, breytist sem hér segir:
- a. Í stað „kr. 30 000.00“ í 2. tölul. 1. málsg. komi: 500 000 krónum.
 - b. Í stað „kr. 60 000.00“ í 2. málsg. komi: 300 000 króna.
 - c. Við 2. málsg. bætist: Nú hefur slíkt brot upptöku eignar í för með sér og má þá með sama hætti ákveða eignaupptöku, enda fari verðmæti ekki fram úr 100 000 krónum.
 - d. Í stað „kr. 7 000.00“ í 3. málsg. komi: 30 000 króna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt gildandi lögum er sektaheimild lögreglustjóra bundin við 60 000 krónur og sektaheimild lögreglumanna bundin við 7 000 krónur. Fjárhæðir þessar hafa staðið óbreyttar frá árinu 1976, sbr. lög nr. 23 6. maí 1976. Vegna verðlagsbreytinga er lagt til að sektamörk þessi verði hækkuð, en sektagerðir með þessum hætti hafa gefið góða raun og létt verulega á lagi af dómstólum. Er því nauðsynlegt að sektaheimildir þessar fylgi verðlagsþróun.

Frumvarpið gerir enn fremur ráð fyrir því, að lögreglustjóra verði heimilað að ákveða, auk sektarákvörðunar, eignaupptöku vegna brota, sem sektaheimild lögreglustjóra nær til, enda fari verðmæti eigi fram úr 100 000 krónum. Mundi heimild þessi gera mögulegt að ljúka með sektargerð lögreglustjóra meðferð ýmissa smá-mála, þar sem brot hefur í för með sér eignaupptöku, einkum mála er varða meðferð áfengis, sbr. d-, e- og f-lið 34. gr. áfengislaga nr. 82 2. júlí 1969, sbr. lög nr. 52 11. maí 1978, en mál þessi verður nú að leggja fyrir dómara til meðferðar. Er hér um að ræða hliðstæða heimild og tolfirvöld hafa samkvæmt lögum um tollheimtu og tollefirlit. Jafnframt er lagt til, að heimild dómara til að ákveða með bókun eignaupptöku, ef brot er skýlaust sannað, en sökunautur finnst ekki eða er ókunnugur, verði takmörkuð við 500 000 króna verðmæti í stað 30 000 króna, en sú fjárhæð hefur staðið óbreytt frá árinu 1973, sbr. lög nr. 23 17. apríl 1973.